




Ársskýrsla leikskólastjóra Teigasels

Skólaárið
2013-2014



Efnisyfirlit

Ársskýrsla leikskólastjóra Teigasels skólaárið 2012-2013.....	3
1. Leikskólinn - almennar upplýsingar	3
1.1. Gerð leikskóla.....	3
1.2. Breytingar og viðhald	3
2. Nemendur	4
2.1. Fjöldi nemenda.....	4
2.1.1. Fjöldi nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku.	5
2.2. Stuðningur – sérkennsluúrræði	6
3. Starfsfólk.....	7
3.1. Fjöldi starfsfólks.....	7
3.1.1. Stöðugildi	7
3.1.2. Fundir.....	8
3.1.3. Skipulagsdagar	8
3.1.4. Símenntun	8
3.1.5. Annað	10
4. Innra starf leikskólans	10
4.1. Nám og stefna	10
4.1.1. Uppeldisstarf leikskóla	10
4.1.2. Stefna og áherslur á uppeldis- og námssviði í leikskólastarfinu ...	11
4.1.2.1. Markmið og leiðir að markmiðum.....	11
4.1.2.2. Áherslur í starfi leikskólans / hugmyndafræði	11
4.1.2.3. Áherslur í starfi leikskólans núverandi skólaár	12
4.2. Um gæðamat, s.s. framkvæmd og niðurstöður innra gæðamats	12
4.3. Um foreldrasamstarf, eðli þess og umfang	12
4.3.1. Áherslur og markmið.....	12
4.3.2. Foreldrafélag / foreldraráð	12
4.3.3. Foreldraviðtöl	14
4.3.4. Foreldrafundir, foreldrafræðsla	14
4.3.5. Upplýsingaflæði til foreldra	14
4.4. Samstarf starfsfólks og við aðra utanaðkomandi aðila.....	15
4.4.1. Samstarf milli leikskólastjóra.....	15
4.4.2. Samstarf við grunnskóla – Brúum bilið	15

4.4.3. Samstarf við háskóla	16
4.4.4. Samstarf við rekstraraðila	16
4.4.5. Samstarf við heilsugæslu	16
4.4.6. Samstarf við greiningaraðila	17
4.4.7. Samstarf við aðra.....	17
4.5. Um fræðslu til starfsfólks, foreldra og barna	17
4.6. Starfið síðastliðið starfsár	18
4.6.1. Starfsáætlun	18
4.6.2. Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, fræðsla fyrir börnin o.fl.	20
4.7. Um öryggismál leikskóla, s.s. mat starfsmanna á aðstæðum innanhúss, á útileiksvæði o.fl.	23
Lokaorð	24

Ársskýrsla leikskólastjóra Teigasels skólaárið 2013-2014

1. Leikskólinn - almennar upplýsingar

1.1. Gerð leikskóla

Leikskólinn var tekinn í notkun í september 1998. Hann er 472,7 m² einingahús, byggt úr timbri. Leik- og kennslurými leikskólans er 215,5 m². Flatarmál lóðar er 2.205 m².

Húsið er T-laga og deildir eru þrjár, ein í hvorum enda, en starfsmannaaðstaða er miðsvæðis. Hver deild hefur upp á að bjóða tvær leikstofur og herbergi til myndsköpunar. Að auki hefur deild yngstu barna sérstakt hvíldarherbergi (sem nýtist líka sem leikherbergi). Salurinn er í "hjarta" hússins, þar sem fram fer markviss hreyfipjálfun en einnig nýtist hann undir sérstakar uppákomur í leikskólanum.

1.2. Breytingar og viðhald

Garðurinn í Teigaseli var endurskipulagður af Hermanní Georgssyni landslagsarkitekti FÍLA 2011. Það sem ekki var til nægt fjármagn á skólaárinu 2013-2014, var framkvæmdum frestað í garðinum fram á næsta sumar. Ekkert var gert í viðhaldi að innan. Í garðinum voru einungis fúavarðir bekkir. Keypt var nýtt vöflujárn í eldhús.

2. Nemendur

2.1. Fjöldi nemenda

Miðað við gildandi reiknireglu Menntamálaráðuneytisins er hámarksnýting eða þjónustugeta skólans 74 börn, eða 584 dvalarstundir. Í ágúst 2013 voru alls 72 nemendur í skólanum og keyptar dvalarstundir 577,5 Samkvæmt reiknilíkani var því nýting á húsnæði 98.9%. Í janúar 2014 voru

alls 72 nemendur í skólanum og keyptar dvalarstundir 565,5 samkvæmt reiknilíkani var því nýting á húsnæði 96.8%.

Tafla 1

Ágúst 2013								
f.ár	4	4,5 - 5	5,5 - 6	6,5 - 7	7,5 - 8	8,5 - 9	9,5	Alls
2007	0	0	0	3	6	9	1	19
2008	0	0	1	3	5	8	1	18
2009	0	0	1	1	6	10	1	19
2010	0	1	1	1	8	5	0	16
Alls	0	1	3	8	25	32	3	72

Tafla 2

Janúar 2014								
f.ár	4	4,5 - 5	5,5 - 6	6,5 - 7	7,5 - 8	8,5 - 9	9,5	Alls
2008	0	1	1	3	4	10	0	19
2009	0	0	1	1	5	10	1	18
2010	0	1	1	1	6	5	0	14
2011	0	0	3	0	14	4	0	21
Alls	0	2	6	5	29	29	1	72

Tafla 3

	ágúst 2013	Janúar 2014
Heildarfjöldi barna	72	72
Barngildi	83,5	83,3
Dvalarstundir	577,5	565,5
Dvalargildi	667,7	666,3

2.1.1. Fjöldi nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Miðað við skilgreiningu Hagstofu Íslands á móðurmáli barna, er litið á að móðurmál sé það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og er talað á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri. Í Teigaseli eru 9 börn sem falla undir þá skilgreiningu. Um er að ræða 5 drengi og 4 stúlkur.

Tafla 4

fæðingarár	móðurmál
2008	enska
2009	enska
2009	þýska
2011	pólska
2012	pólska (4)
2012	portúgalska

2.2. Stuðningur – sérkennsluúrræði

Tafla 5

fjöldi	fæðingarár	stuðningsfl.	dvalartímar	stuðningstímar
	2008	2	8	5
	2008	Tímabundin Sérstök aðst..	8,5	2
	2008	Tímabundin sérstök aðst.....	8	1
	2009	Tímabundin sérstök aðst.....	8	3
	2009	Tímabundin sérstök aðst.....	8,5	3
	2009	Sérstök aðstoð og þjálfun.....	7	4 frá apríl 2014
	2010	Sérstök aðstoð og þjálfun.....	8,5	3
	2010	Sérstök aðstoð og þjálfun.....	8	3
			samtals	24

Sérkennsluþörf leikskólans var metin upp á 3 stöðugildi. Á Háteig var eitt barn í atferlisþjálfun og tvö sem voru í markvissri talþjálfun undir leiðsögn talmeinafræðings. Á Miðteig voru þrjú börn með stuðning og var unnið með þau út frá AEPS listanum. Á Teigakoti voru tvö börn með stuðning og voru þau í atferlisþjálfun. Tekið skal fram að annað barnið á Teigakoti hætti þannig að sá stuðningur datt út.

Við prófanir á HLJÓM-2 að hausti 2013, komu 4 börn út með mjög slaka færni og 3 börn með slaka færni. Þessi börn fóru í málörvunarhópa og var þeim raðað niður eftir niðurstöðum af Hljóm -2. Bergrós Ólafsdóttir talmeinafræðingur tók TOLD á þessum 7 börnum.

Ein tilvísun kom frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, eftir 2 ½ ára skoðun.

Alls fóru 24 tilvísanir frá leikskólanum til sérfræðinga og skiptast þær þannig:

- Prettán tilvísanir fóru beint frá leikskólanum til Bergrósar Ólafsdóttur talmeinafræðings.
- Átta tilvísanir fóru beint frá leikskóla til Birgis Þórs Guðmundssonar sálfræðings vegna líðan og hegðunar.
- Ein beiðni fór beint frá leikskólanum til Sigurveigar Sigurðardóttur sálfræðings.
- Þrjár beiðnir fóru beint frá leikskólanum til Sigríðar Gísladóttur iðjubjálfa.

3. Starfsfólk

3.1. Fjöldi starfsfólks

Heildarfjöldi þeirra sem störfuðu við leikskólann var 20. Fjöldi leikskólakennara var 9, 2 grunnskólakennarar, 1 þroskabjálfi og leiðbeinendur voru 4, auk þess voru 2 starfsmenn í eldhúsi (sjá fjölda stöðugilda í töflu 6).

Starfsmannasamtöl, sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku, fóru fram í apríl 2013. Viðtölin voru tekin allt of seint en vegna mikillar manneklu var ekki hægt að vera með þau fyrr. Deildarstjórar tóku sitt starfsfólk í leiðbeinendasamtöl í janúar 2013.

3.1.1. Stöðugildi

Tafla 6

Stjórnun	1,10
Grunnstöðugildi	10,44
Sérkennsla	2,19
Umsjón sérkennslu	0,25
Eldhús	1,40
Afleysing v/undirbúnings	1,21
Afleysing 8.33%	1,31
ALLS	17,9

3.1.2. Fundir

Fundir voru skipulagðir þannig að stjórnunarteymi var með fundi alla þriðjudaga frá 8:30-9:30. Á haustönn 2014 var ákveðið að hafa stjórnunarteymisfundi á mánudögum, deildarfundir voru einu sinni í viku og fékk hver deild einn fund í mánuði. Stundum var hægt að hafa þá tvo.

3.1.3. Skipulagsdagar

Skipulagsdagar voru fjórir á skólaárinu 2013 -2014. Þeir voru:

- ◆ 30. september 2013: Vetrastarfið skipulagt, teymisfundir og deilarfundir.
- ◆ 11. nóvember 2013: Deildarfundir og ýmis verkefni unnin.
- ◆ 2. janúar 2014: Fyrirlestur með Ásthildi Bj. Snorradóttur um Snemmtæka íhlutun vinna, eftir það vinna inn á deildum.
- ◆ 22. apríl 2014: Valdís Sigurðardóttir var með fyrirlestur og kennslu á iPad, eftir það fóru starfsmenn á deildarfundum inn á sínum deildum.

3.1.4. Símenntun

- ◆ Þann 2. janúar 2014 kom Ásthildur Bj. Snorradóttir og hélt fyrirlestur um mikilvægi snemmtækrar íhlutun í málörvun. Allir starfsmenn voru með á þessum skipulagsdegi. Starfsmenn í eldhúsi voru að undirbúa ýmis önnur verkefni.
- ◆ Þann 17. janúar 2013 fór stjórnunarteymi í handleiðslu hjá Þórkötlun Aðalsteinsdóttur.
- ◆ Þann 30. janúar 2013 fóru Guðbjörg Ösp Einarsdóttir og Þórdís Árný Örnólfsdóttir á AEPS námskeið.
- ◆ Þann 30. janúar fóru allir starfsmenn á fyrirlestur um Ánægju í lífi og starfi sem Þórkatla Aðalsteinsdóttir var með.

- ◆ Þann 28. febrúar 2013 fóru Kristín Mjöll Guðjónsdóttir, Sigríður Ása Bjarnadóttir og Sæunn Ingibjörg Sigurðardóttir á málþingið Leikskólakennarar á tímamótum.
- ◆ Þann 18. apríl 2013 fóru Guðbjörg Ösp Einarsdóttir og Þórdís Árný Örnólfsdóttir á AEPS námskeið.
- ◆ Þann 18. apríl 2013 fóru Þuríður S. Baldursdóttir og Elzbieta Bielska á grunnnámskeið í TMT á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.
- ◆ Þann 22. Apríl á skipulagsdegi var Valdís Sigurðardóttir með fyrirlestur og kennslu um Ipad. Allir starfsmenn voru með.
- ◆ Þann 16. og 17. maí 2013 fóru Guðbjörg Ösp Einarsdóttir og Þórdís Árný Örnólfsdóttir á Vorráðstefnu hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, hét ráðstefnan Ýmsar ásjónur einhverfunnar.

3.1.5. Annað

Ákveðið var í vor að fá Þórkötlunni Aðalsteinsdóttur til okkur í september til að viðhalda handleiðslu hjá stjórnunarteymi og kom hún þann 4. september 2014. Á þeim fundi var ákveðið að halda áfram með bókina Fiskinn en búa okkur til slagorð í leiðarljósum í samskiptum. Handleiðsla þessi hefur skilað mjög góðum árangri og mælum við með henni.

4. Innra starf leikskólans

4.1. Nám og stefna

4.1.1. Uppeldisstarf leikskóla

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar. Sá tími sem barnið ver í leikskólanum er mikilvægur þáttur í námi og þroska þess. Í samvinnu við foreldra á leikskólinn að einsetja sér að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna.

Mikilvægt er að leikskólinn bjóði upp á hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðli að öryggi barna og vellíðan þeirra. Leggja skal áherslu á styrkleika barna og hæfni þeirra undir leiðsögn kennara. Forvarnarstarfi skal sinnt með því að stuðla markvisst að velferð barnanna og farsælli leikskólagöngu. Mikilvægt er að hvert barn fái að njóta sín og kennari geri viðeigandi ráðstafanir ef þörf þykir og nýti þá stoðþjónustu sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. Hugtökin uppeldi, umönnun og menntun mynda eina heild í leikskólastarfinu.

Borin er virðing fyrir börnunum, þeim sýnd umhyggja og hvatning og þau fá í hendur viðfangsefni sem hæfir þeirra aldri. Öll börn eru fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans (Aðalnámskrá 2011).

4.1.2. Stefna og áherslur á uppeldis- og námssviði í leikskólastarfinu

4.1.3 Markmið og leiðir að markmiðum

Að hér starfi glaðir, virkir, ábyrgir, skapandi og gagnrýnir einstaklingar sem beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Hlutverk leikskólans er að búa einstaklingana sem best undir framtíðina í samfélagi sem tekur örum breytingum. Hlutverk hans er einnig að jafna uppeldis- og námsskilyrði nemenda, sem öll eiga rétt á leikskólanámi á eigin forsendum.

Hugmyndafræði leikskólans er að virkja barnið með því að bjóða upp á opinn efnivið. Þannig hvetjum við barnið til gagnrýnnar hugsunar og örvum um leið sköpunar- og leikgleði þess. Leikurinn er aðal námsleið barnsins í sinni virku þekkingarleit. Með það að leiðarljósi leggur leikskólinn áherslu á þarfir, virkni og frumkvæði einstaklingsins, svo hann fái sem best notið sín.

4.1.2.3. Áherslur í starfi leikskólans núverandi skólaár

Unnið var áfram með þær áherslur sem leikskólinn stendur fyrir, stærðfræði og útikennslu. Einnig voru sett af stað teymi til þess að skipuleggja starfið betur. Teymin eru stærðfræðiteymi, útiteymi, brunateymi, sérkennsluteymi og heimasíðuteymi. Þetta var gert til þess að virkja starfsmenn betur.

4.2. Um gæðamat, s.s. framkvæmd og niðurstöður innra gæðamats

Starfsmenn deilda vinna á hverju vori skriflegt endurmat á skólaárinu. Hægt er að nálgast skýrslur þeirra í leikskólanum. Starfsmannasamtöl eru einnig hluti af sjálfsmati skólans.

4.3. Um foreldrasamstarf, eðli þess og umfang

4.3.1. Áherslur og markmið

Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og annast hann nám leikskólabarna, að ósk foreldra. Mikilvægt er að foreldrar og starfsfólk þekki hvert annað og að á milli þeirra ríki gagnkvæm virðing og traust.

Markmið með foreldrasamstarfi:

- ◆ Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans.
- ◆ Að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins, stöðu þess í barnahópnum og almenna líðan í leikskólanum.
- ◆ Að efla samvinnu og samskipti milli heimilis og skóla.
- ◆ Að stuðla að þátttöku foreldra í starfsemi leikskólans.

4.3.2. Foreldrafélag / foreldraráð

Í stjórn foreldrafélagsins sitja 6 foreldrar og er reynt að haga því þannig að hver deild eigi sína fulltrúa, auk aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra. Stjórnarfundir voru 2 yfir veturinn en tölvupóstssamskipti voru algengari.

Stjórn Foreldrafélagsins veturinn 2013-2014

Elísabet Stefánsdóttir, formaður

Elísabet Rut Heimisdóttir, gjaldkeri

Þórunn Björk Jóhannsdóttir, meðstjórnandi

Margrét Egilsdóttir, meðstjórnandi

Fanney Reynisdóttir, meðstjórnandi

Sesselja Andrésdóttir, meðstjórnandi

Guðrún Bragadóttir, aðstoðarleikskólastjóri, ritari

Helstu verkefni vetrarins voru:

- ◆ Laugardaginn 7. desember 2013 var aðventustund foreldrafélagsins. Búnir voru til skór úr pappa til að setja í gluggann fyrir jólasveinana. Boðið var upp á heitt súkkulaði og piparkökur. Þegar leið á stundina komu til okkar tveir jólasveinar sem voru alveg frábærir en þeir fóru svo niður á torg og skemmtu þar. Þetta er árviss uppákoma og fer alltaf fram sama dag og tendruð eru ljósin á jólatrénu á Akratorgi.
- ◆ Börnin fengu í ár jólagjöf frá Foreldrafélaginu (bókagjöf tákn með tali) sem var afhent á jólaskemmtun leikskólans.
- ◆ Sumarhátíð var haldin 6. júní og bauð foreldrafélagið upp á pylsur í hádegismat, á eftir komu svo Íþróttarálfurinn og Solla í heimsókn.
- ◆ Í maí var sundkennsla fyrir elstu börnin sem eru að byrja í skóla. Foreldrar borguðu 1.000 krónur en foreldrafélagið borgaði mismuninn. Hildur Karen sundkennari kenndi börnunum. Tókst þetta mjög vel.

Í lögum um leikskóla frá árinu 2008, er kveðið á um að í hverjum leikskóla skuli kjósa foreldraráð og í því skuli sitja að lágmarki þrír foreldrar (sjá 11. gr.). Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og þeirrar nefndar sem fjallar um málefni leikskóla, um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Foreldraráð Teigasels skólaárið 2013-2014

Sylvía Hera Skúladóttir

Sesselja Andrésdóttir

Edda Einarsdóttir

Margrét Þóra Jónsdóttir, leikskólastjóri

Foreldraráðið fundaði tvisvar á skólaárinu. Farið var yfir matseðilinn, rædd skólanámskrá og önnur mál rædd.

Skagaforeldrar eru samtök foreldrafélaga á Akranesi. Samtökin samanstanda af fulltrúum og varafulltrúum úr hverjum skóla (leikskóli, grunnskóli og fjölbrautaskóli) á Akranesi og einum starfsmanni Akraneskaupstaðar.

Fulltrúar í Skagaforeldrum eru:

Sylvía Hera Skúladóttir var fulltrúi leikskólans í stjórn Skagaforeldra og Elísabet Stefánsdóttir varamaður.

4.3.3. Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl að hausti fóru fram í október og foreldraviðtöl að vori fóru fram í mars. Í viðtölunum í október er farið yfir líðan og hvernig aðlögun gekk. Í seinni viðtölunum er farið yfir þroskakönnun sem gerð er á börnunum eftir áramótin. Foreldrar nýta sér mjög vel þessi viðtöl.

4.3.4. Foreldrafundir, foreldrafræðsla

Í september vorum við ekki með foreldrafund. Ákveðið var að senda allar upplýsingar í tölvuformi þar sem mæting hefur verið dræm á þessa fundi. Ákveðið að nýta þennan fund fyrir alla starfsmenn til þess að undirbúa veturinn.

4.3.5. Upplýsingaflæði til foreldra

Í fataherbergjum deilda eru upplýsingatöflur, þar sem allar daglegar upplýsingar til foreldra eru skráðar og þar eru jafnframt hengdar upp auglýsingar um væntanlega atburði eða uppákomur.

Á heimasíðu skólans <http://www.teigasel.is> er hægt að nálgast allar upplýsingar ásamt útgefnu efni. Með aukinni notkun tölvupósts og heimasíðu til upplýsingagjafar til foreldra, hefur dregið úr útgáfu ýmissa dreifibréfa, t.d. hefur útgáfu fréttabréfs verið hætt.

4.4. Samstarf starfsfólks og við aðra utanaðkomandi aðila

4.4.1. Samstarf milli leikskólastjóra

Formlegt samstarf milli leikskólastjóra felst fyrst og fremst í því að þeir hittast mánaðarlega ásamt framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra Skóla- og frístundaráði. Einnig voru samráðsfundir leikskólastjórnenda haldnir einu sinni í mánuði, í þeim tilgangi að miðla upplýsingum og veita hvorum öðrum faglegan stuðning.

4.4.2. Samstarf við grunnskóla – Brúum bilið

Þetta skólaár voru 19 börn á Háteigi sem tóku þátt í Brúum bilið samstarfinu og voru 15 skráð í Brekkubæjarskóla og 4 skráð í Grundaskóla.

Samstarfið hófst formlega með skólastjóraheimsóknum í báða skólana. Fórum við í Brekkubæjarskóla 10. september og í Grundaskóla 12. september og gengu heimsóknirnar í skólana mjög vel.

Fyrirkomulag skólaheimsókna milli Teigasels og Brekkubæjarskóla var þannig að hvert barn fór í tvær heimsóknir fyrir áramót og tvær heimsóknir eftir áramót í skólastofu. Skólaheimsóknirnar voru á miðvikudögum frá kl. 9:40-10:40.

Á fimmtudögum kl.11:40 var leikfimi í Íþróttahúsinu við Vesturgötu og var það Anna Lóa Geirsdóttir, íþróttakennari og deildarstjóri dagvistar, sem kenndi. Börnin komu með leikfimisföt og fóru með þau í leikfimi og tveir starfsmenn leikskólans fylgdu börnunum. Þessi leikfimi hefur gengið vel og eru börnin orðin vel æfð þegar þau fara svo í skóla að hausti. Kunna að klæða sig úr og í, kunna reglurnar og eru búin að aðlagast íþróttahúsinu vel.

Fyrrum nemendur úr Teigaseli, núverandi 1. bekkjar Brekkubæjarskóla, komu í heimsókn í leikskólann öll í einu. Þeim þótti mjög gaman að koma í sinn gamla leikskóla og léku sér aðallega í garðinum, en nokkur vildu koma inn.

Okkur var boðið að koma á árshátíðarsýningu hjá báðum grunnskólunum. Þessar sýningar voru mjög skemmtilegar og höfðu börnin mjög gaman af þeim.

Við fórum í fjórar morgunstundir í vetur og okkur var boðið sérstaklega á vormorgunstundina. Þá fengum við að sitja á gólfinu með hinum

skólabörnunum. Við höfðum fengið senda texta að lögum sem syngja átti á morgunstundunum, sem var mjög fínt því þá gátum við æft okkur. Þessar morgunstundir voru oft mjög skemmtilegar og gaman að geta tekið þátt í söngnum.

Grundaskóli bauð okkur í tvær stórar samsöngstundir í íþróttahúsið á Jaðarsbökkum. Við komumst því miður bara á fyrri söngstundina en hefðum gjarnan viljað koma aftur, því það var mjög gaman á fyrri stundinni.

Við fórum þrisvar sinnum í vetur á „generalprufur“ hjá 1. bekk í Brekkubæjarskóla þar sem við fengum að sjá nokkur stutt leikrit hjá þeim hópum sem voru í leiklistartímum. Sýningarnar voru í 1. bekkjarstofunni og tóku u.þ.b. 15 mínútur það var mjög gaman.

4.4.3. Samstarf við háskóla

Teigasel var samstarfsskóli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Einn nemi var hjá okkur að vorönn Margrét Björg Jónsdóttir.

4.4.4. Samstarf við rekstraraðila

Framkvæmdastjóri Skóla- og frístundasviðs er næsti yfirmaður leikskólastjóra og veitir hann stjórnunarlega ráðgjöf. Með honum starfar verkefnastjóri Skóla- og frístundasviðs. Leikskólastjórar og framkvæmdastjóri funda einu sinni í mánuði og þá fundi situr einnig verkefnastjóri, sem hefur m.a. umsjón með inntöku nýrra barna.

4.4.5. Samstarf við heilsugæslu

Samvinna við Heilsugæsluna á Akranesi hófst í janúar 2003. Skólahjúkrunarfræðingur Brekkubæjarskóla hefur séð um framkvæmd á þroskaskoðunum. Hún kemur að meðaltali 2 x í mánuði eða eftir því hvernig börnin raðast niður eftir fæðingardegi. Sá háttur hefur verið hafður á að leikskólinn gefur heilsugæslunni upp hvaða börn eiga að fara í umræddar skoðanir. Heilsugæslan úthlutar síðan foreldrum tíma og leikskólinn ítrekar hann. Deildarstjóri barnsins fyllir út lista fyrir heilsugæsluna og sendi í tölvupósti áður en skoðunin á sér stað.

4.4.6. Samstarf við greiningaraðila

Sérkennslustjóri heldur utan um allt samstarf við greiningaraðila s.s. skólasálfræðing, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, iðjubjálfa, sjúkrabjálfa og talmeinafræðinga, eftir því sem við á hverju sinni.

Skólasálfræðingur Brekkubæjarskóla er ráðgefandi varðandi fötluð börn og börn með þroskafrávik og er hann í samstarfi við sérkennslustjóra.

4.4.7. Samstarf við aðra

Samstarf við Fjölbautaskóla Vesturlands, hefur verið með þeim hætti undanfarin ár, hafa nemendur hvort sem er í bókalega eða verklega greinum komið og unnið ýmis verkefni hér í Teigaseli.

Um fræðslu til starfsfólks, foreldra og barna

Sjá í kafla 3.1.4 um símenntun. Hvað varðar fræðslu til barna, þá fór fram umferðarfræðsla í 2 vikur á árinu og einnig var fjallað um gamla tímann í tengslum við þorrann. Þá var m.a. farið í heimsókn á Byggðasafnið, auk þess sem einn *rafmagnslaus* dagur var hafður á Háteigi og Miðteigi. Í vikunni á undan tannverndardeginum er fræðsla um tennurnar og tannvernd.

4.5. Starfið síðastliðið starfsár

4.6.1. Starfsáætlun

„Vinnuvikan“ var þannig skipulögð að hópatímar fóru fram fjóra daga vikunnar. Boðið er upp á val daglega á öllum deildum skólans. Ekki var unnið að ákveðnu þema, en unnið var að minni árstíðabundnum verkefnum.

Dagskipulag:

7.30 -8.00	Leikskólinn opnar. Tekið á móti börnunum á Teigakoti Rólegir leikir inni á deildum
8.00 – 9.00	Morgunmatur / leiktími Samvera / Söngstund
9.00 – 11.30	Hópatími / Ávaxtastund Val / Útivera
11.30 – 13.00	Hádegismatur og hvíldartími / samvera
13.00 - 14.30	Leiktími / Útivera
14.30 – 15.00	Hressing
15.00 – 16.15	Hópatími / leiktími
16.15 – 17.00	Deildir sameinast á Teigakoti Samvera / Ávaxtastund Rólegir leikir Leikskólinn lokar

Viðburðadagatal Teigasels 2013-2014

September	Vika 36	Teigasel 15 ára 6/9
	Vika 37	Alþjóða tannverndardagurinn 12/9
	Vika 38	Dagurinn náttúrunnar 16/9
	Vika 39	Umferðarvika 23/9 – 27/9
	Vika 39	Skipulagsdagur 30/9 LOKAÐ
Október	Vika 41	Foreldraviðtöl á Háteigi 7/10-11/10
	Vika 42	Foreldraviðtöl á Miðteigi 14/10-18/10
	Vika 43	Foreldraviðtöl á Teigakoti 21/10-25/10
	Vika 43	Alstund bleikur dagur 25/10
Nóvember	Vika 46	Skipulagsdagur 11/11 LOKAÐ
	Vika 46	Dagur íslenskrar tungu 16/11
Desember	Vika 49	Aðventustund 7/12
	Vika 49	Kirkjuferð 12/12
	Vika 50	Jólaskemmtun 13/12
Janúar	Vika 1	Skipulagsdagur 2/1 LOKAÐ
	Vika 4	Bóndadagur 24/1
Febrúar	Vika 6	Ömmu og afadagur 6/2 í tilefni af degi leikskólans Dagur stærðfræðinnar er 7/2.
	Vika 6	Tannverndarvika 3/2-7/2
	Vika 8	Konudagurinn 21/2 (er 23/2)
	Vika 9	Góðverkavikan 24/2-28/2
Mars	Vika 10	Bolludagur 3/3 Sprengidagur 4/3 Öskudagur 5/3(náttfataball)
	Vika 10	Foreldraviðtöl á Háteigi 3/3-7/3
	Vika 11	Foreldraviðtöl á Miðteigi 10/3-14/3
	Vika 12	Foreldraviðtöl á Teigakoti 17/3 -21/3
	Vika 13	Alstund mottu mars 28/3
Apríl	Vika 14	Vorskóli 1/ 4- 4/4
	Vika 17	Skipulagsdagur 22/4 LOKAÐ
	Vika 17	Ruslatínsludagur 25/4
Maí	Vika 19	Umferðarvika 5/5-9/5 Hjóladaður 9/5
	Vika 20	Opið hús 15/5
	Vika 21	Sveitaferð að Bjartheyjarsandi 21/5
	Vika 22	Útskriftarferð 6 ára barna 27/5-28/5
	Vika 22	Sjómannadagshátíð 30/5
Júní	Vika 23	Útskrift 6 ára barna 3/6
	Vika 23	Íþróttahátíð 6/6

Í leikskólunum á Akranesi voru sumarlokanir 30 júní – 1. Ágúst 2014. Ákveðið var 2012 að prufa að vera með sumaropnun og var hún í fyrsta sinn í Akraseli og svo árinu eftir 2013 í Garðseli og 2014 í Teigaseli. Sumarskóli var í Teigaseli og var hann opin fyrstu vikuna frá 30. júní – 4. júlí 2014.

Skráð voru 36 börn þessa viku en ekki var nóg þátttaka barna til að hafa opið fleiri vikur en þessa einu, þetta sumarið. Við fengum 18 börn frá Vallarseli og komu 5 starfsmenn með þeim. Tvö af þessum börnum voru með stuðningstíma á bak við sig, annað barnið með 8 tíma og hitt með 6 tíma. Af Garðaseli komu tvö börn og einnig af Akraseli, við fengum tvo starfsmenn af Akraseli en annar þeirra lagðist í veikindi eftir 2 daga. Teigasel var svo með 14 börn og fjóra starfsmenn.

Við byrjuðum á að funda með öllu starfsfólkinu í júní og fara yfir hugmyndir og óskir. Á fundinum kom það skýrt fram að hafa ekki stífa dagskrá heldur leyfa dögnum að líða án mikils skipulags. Gerðum við því eingöngu skipulag hvenær matmálstímar væru og unnum svo út frá því. Ákveðið var að nota veðrið og nálægðina við hafið og vitann og skoða neðri Skagann. Veðrið var aftur á móti einstaklega leiðinlegt alla þessa viku, rok og mikil rigning þannig að við nutum okkar í garðinum og í verkefnum inni við. Við ákváðum að hafa 40 mín kaffitíma í hádeginu í stað þess að taka kaffitíma tvisvar yfir daginn. Einn starfsmaður af Vallarseli sem opnar þar alla morgna kl.6:45 tók að sér að opna á sama tíma í Teigaseli, en við áttum von á tveimur börnum svona snemma.

Vegna aðstæðna í Teigaseli tók leikskólastjóri Teigasels að sér að vera í eldhúsi og sá um allan mat þessa vikuna.

Við skiptum börnunum niður á tvær deildir eftir aldri, við tókum ákvörðun um það að blanda leikskólunum öllum saman en ekki skipta þeim niður á deildarnar. Töldum við okkur ná betur árangri í þema sumarskólans með því, en þemað er **vinátta og samvinna**.

Við fundum fyrir mikilli þreytu bæði hjá börnunum og starfsfólkinu. Við áttum samt góða stund saman og var mjög skemmtilegt að kynnast öllum þessum flottu börnum sem komu til okkar af hinum leikskólunum og ekki síður að hitta starfsmennina. Mikið var samt gott að komast í sumarfrí ☺

Garðasel var búið að vinna möppu með helstu upplýsingum sem gott er að nota og fara eftir sem við og gerðum við undirbúninginn. Var gerður bæklingur um sumarskólann og var hann uppfærður fyrir þetta sumar. (Greinagerð unnin af Guðrúnu Bragadóttur Aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra).

4.6.2. Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, fræðsla fyrir börnin o.fl.

- ◆ Íþróttahátíð í Akraneshöllinni fyrir elstu börn leikskólans. Dagurinn var skipulagður af Vallarseli og hafa þau ásamt Garðaseli og Akraseli verið með þessa hátíð undanfarin ár.
- ◆ Dagur umhverfisins var 25. apríl 2013, en það sem það var frídagur þá héldum við upp á hann þann 24. apríl 2013 og fórum í ruslatínsleiðangur í kringum leikskólann. Þennan dag var kalt og snjór yfir öllu svo við gátum ekki tínt mikið rusl.
- ◆ Á Vökudögum í nóvember voru börnin á Miðteig með myndlistarsýningu í anddyri Heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi.
- ◆ Á Degi íslenskrar tungu fluttu börnin íslensk barnalög á sal, starfsfólki og öðrum börnum til skemmtunar og yndisauka.
- ◆ Laugardaginn 7. desember var Foreldrafélagið með sína árlegu aðventustund í leikskólanum, þar sem foreldrar og börn bjuggu til skó til að setja út í glugga, boðið var upp á heitt súkkulaði og piparkökur. Tveir jólasveinar komu og skemmtu börnum. Að lokum fóru allir niður á Akratorg og fylgdust með þegar ljósin á jólatrénu voru tendruð.
- ◆ Akraneskirkja var heimsótt á aðventunni, 12. desember 2013 og tók séra Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur á móti börnunum og fræddi þau um jólin og kirkjuna.

- ◆ Jólaskemmtun barnanna var haldin með hefðbundnu sniði þann 13. desember, þar sem börnin sýndu m.a. helgileik, fóru með jólakvæði og sungu jólalög. Að lokum var dansað í kringum jólatréð með undirleik unglinga úr Brekkubæjarskóla. Þau spiluðu á gítara og sungu á meðan dansað var.
- ◆ Kór nemenda í Grundaskóla kom í desember og söng fyrir okkur jólalög í salnum. Þau voru á ferð um bæinn og komu við hjá okkur. Einnig færðu þau okkur jólagjöf og jólakort.
- ◆ Sagnakonan Þóra Grímsdóttir úr Grundaskóla kom í heimsókn til okkar 25. febrúar 2013 og sagði okkur sögur á sal. Frábært að fá hana í heimsókn.
- ◆ Á bóndadaginn borðuðum við öll þorramat saman inni í sal og var það mjög gaman. Hefð hefur skapast fyrir því að stúlkur á eldri deildum (Háteigi og Miðteigi) geri drengjunum dagamun í tilefni dagsins og þeir síðan endurgjalda þeim á föstudegi fyrir konudaginn. Á þorranum fara börnin einnig í heimsókn í Byggðasafnið og síðan er hafður einn „rafmagnslaus“ dagur.
- ◆ Föstudaginn 6. febrúar var Dagur leikskólans haldinn hátíðlegur en þennan dag er einnig, skv. almanakinu, Tannverndardagurinn og Dagur stærðfræðinnar. Í tilefni dagsins héldum við ömmu- og afadag, þar sem ömmur og afar barnanna voru sérstaklega boðin í heimsókn og fengu að eyða hluta úr degi með barna- og/eða barnabarnabörnum sínum. Eldri börnin höfðu klippt út hringi í tilefni dagsins, í þremur litum (einn litur var auðkenni hverrar deildar) og voru þeir hengdir í ömmurnar og afana eftir því á hvaða deild barnið/börnin sem þeim tengdust voru.

- ◆ Á öskudag er hefð fyrir því að allir séu á náttfötunum og við bjóðum börnunum upp á að fá andlitsmálun. Kötturinn er sleginn úr tunnunni á sal og allir fá poppkorn að lokum.
- ◆ Hefð er fyrir því að við höfum opið hús á Alþjóðadegi fjölskyldunnar, sem er 15. maí ár hvert, þetta árið höfðum við opið hús 13. maí. Í opnu húsi fluttu börnin tónlistaratriði fyrir gesti úti í garði, auk þess voru til sýnis listaverk eftir börnin.
- ◆ Farið var með öll börn, nema útskriftarhópin, í sveitaferð 22. maí, að Bjarneyjarsandi í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Foreldrafélagið greiðir fyrir sveitaheimsóknina, en leikskólinn fyrir rútuna.
- ◆ Elsti árgangur fór í útskriftarferð í Skátafell í Skorradal 21. - 22. maí, þar sem gist var yfir nótt. Leikskólastjóri fór með í þessa ferð og sá um mat fyrir hópinn.
- ◆ Við höfðum svo útskrift elstu barnanna 30. maí í sal Brekkubæjarskóla, er það alltaf mjög hátíðleg stund.
- ◆ Föstudag fyrir Sjómannasunnudag heldur Teigasel sína sjómannadagshátíð og það gerðum við að sjálfsögðu þetta árið. Við fórum í skruðgöngu niður á hafnarsvæði, þar sem við fórum í reiptog, pokahlaup o.fl. Sjómenn heimsóttu okkur og færðu okkur harðfisk og einnig heimsóttum við Fiskmarkaðinn og fengum að skoða þar fiska sem starfsmenn markaðarins höfðu tekið til fyrir okkur. Á heimleið er komið við hjá sjómanninum á Akratorgi og sungið honum til heiðurs.

4.7. Um öryggismál leikskóla, s.s. mat starfsmanna á aðstæðum innanhúss, á útileiksvæði o.fl.

Landslagsarkitekt var fenginn til að endurhanna lóðina og átti að laga lóðina í áföngum. Sumarið 2014 var ekki gert neitt í garðinum vegna fjárskort. Skipt var um sand í sandkassa og útibekkir fúavarðir.

Lokaorð

Stjórnendur héldu áfram að vinna með bókina „fiskinn“ ákveðið var að allir starfsmenn gerðu sér sameiginlegar samskiptareglur sem voru samþykktar af öllum starfsmönnum. Guðrún Bragadóttir tók að sér að prenta þær út og hengja upp á vegginn víðs vegar um leikskólann.

Skólaárið 2013 og 2014 hefur einkennst af langtíma veikindum sem höfðu áhrif á starfsmenn. Starfsmenn komu og fóru átti þetta sérstaklega við eldhúsið þar sem aðstoðarmatráðar stoppuðu stutt við hverju sinni. Einnig átti þetta við þrjá starfsmenn á deildum.

Á Teigakoti sem er yngsta deildin var tekin sú ákvörðun að vinna eftir bókinni „Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna“

Eins og samfélagið okkar er í dag mikil hraði og foreldra gefa sér ekki tíma til að lesa eða tala við börn sín og þess vegna var þessi stefna tekin. Þennan veturinn var unnin aðgerðaáætlun út frá bókinni og mun vinnan byrja formlega næsta skólavetur.

Þar sem leikskólinn eldist og hlutir verða ónýtir og lúnir þá hefur leikskólastjóri endurnýjað þá eins og hægt er.

Foreldra útskriftabarna vorið 2014 gáfu leikskólanum peningagjöf sem var notuð til þess að kaupa hljómflytningstæki á allar þrjár deildarnar. Þökkum við þeim innilega fyrir.

Margrét Þóra Jónsdóttir
leikskólastjóri